

**HVALEYRARHOLT  
SUÐ-AUSTUR**

**ÓLA RUN TÚN**

**Minnisblað**

Samkvæmt AH 2013-2025 er hér um að ræða svæði sem er með skilgreinda landnotkun sem „opið svæði“. Um opin svæði segir á bls. í greinagerð AH2013-2025 :

**2.2.14 Opin svæði.**

**Almenn ákvæði:**

Svæði fyrir útivist með stígum, áningarstöðum og þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Ekki er gert ráð fyrir annarri mannvirkjagerð, búsetu eða atvinnustarfsemi.

Í töflu á bls. 58 koma eftirfarandi upplýsingar fram um Óla Run tún:

OP8	Jófríðarstaðatún	2	Gamalt tún. Hluti þess er hverfisverndaður.
OP9	Óla Run tún	2	Útivistarsvæði.
OP10	Hvaleyrarholt	3	Útivistarsvæði, að hluta hverfisverndað.



Hlutamynd úr AH 2013-2025

Í greinagerð gildandi deiliskipulags frá 2003 segir um Óla Run tún:

### 3.2 Skipulagsforsendur

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015 og gilda skilmálar þessir fyrir skipulagssvæði eins og það er skilgreint í grein 2.1. Samkvæmt aðalskipulagi er aðal landnotkun á svæðinu íbúðarbyggð. Í sitthvorum enda hverfisins eru landnotkunarreitir fyrir þjónustustofnanir. Nyrst fyrir leikskóla sem þegar er byggður og syðst fyrir félagsstarfsemi, sem enn hefur ekki verið nýttur sem slíkur. Þá er í tengslum við þessar lóðir, landnotkunarreitir sem skilgreindir eru sem útivistarsvæði til sérstakra nota. Á þeim syðri eru skólagarðar skilgreindir sem hluti af svæðinu.



Úr gildandi deiliskipulagi frá 2003.

Af framgreindu má ljóst vera að nýting á s.k. Óla Run túni þarfnast talsverðrar skipulagsvinnu.

Því er lagt til að hafist verði handa við þá vinnu hvort sem valin verði sú leið að deiliskipuleggja svæðið á grundvelli forsagnar eða efnt verði til samkeppni um uppbyggingar möguleika svæðisins.

Í skipulagslögum segir um breytingu á aðalskipulagi:



**HAFNARFJÖRÐUR**

36. gr.

*Breytingar á aðalskipulagi.*

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingu á gildandi aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á gildandi aðalskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.–32. gr. og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif

Hér er ekki um óverulega breytingu að ræða og því er lagt til að samþykkt verði að taka saman lýsingu í samræmi við 30. gr. skipulagslaga en þar segir:

30. gr.

*Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.*

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.

Hafnarfirði 13.08.2018

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.